



Almennar upplýsingar fyrir hluthafa

Hluthafafundur Íslandsbanka hf. fer fram miðvikudaginn þann 31. janúar 2024 kl. 16:00, í höfuðstöðvum bankans að Hagasmára 3, Kópavogi. Jafnframt er gefinn kostur á rafrænni þátttöku á fundinum. Atkvæðagreiðsla á fundinum mun alfarið fara fram rafrænt.

Hluthafafundur telst lögmætur, án tillits til fundarsóknar, ef löglega var til hans boðað og fundurinn er sóttur af einum eða fleiri hluthöfum.

Réttur hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar

Þeir hluthafar sem óska eftir því að fá tiltekið mál tekið til meðferðar á hluthafafundinum, skulu senda kröfu um slíkt á netfangið hluthafar@islandsbanki.is í síðasta lagi tíu dögum fyrir boðaðan hluthafafund, eða í síðasta lagi fyrir kl. 16:00 þann 21. janúar 2024. Kröfu um slíkt skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun fundarins.

Mál sem ekki hafa verið greind í dagskrá hluthafafundar, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins, en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir stjórn. Löglega fram bornar viðauka- eða breytingatilögur má þó bera upp á fundinum sjálfum þó svo þær hafa ekki legið frammi hluthöfum til sýnis fyrir fundinn.

Reglur um sókn hluthafafundar

Öllum hluthöfum er heimilt að sækja hluthafafund, taka þar til máls og nýta þar atkvæðisrétt sinn.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund og fara þar með atkvæðisrétt fyrir sína hönd. Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa, en slíkur ráðgjafi hefur hvorki tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum. Hluthafa er þó heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd. Sæki umboðsmaður hluthafafund fyrir hluthafa skal hann leggja fram skriflegt eða rafrænt, og dagsett, umboð. Umboð skal leggja fram eigi síðar en á fundi og gildir það einungis til fundarsetu á viðkomandi hluthafafundi, nema annað sé skýrlega tekið fram í efni umboðsins. Umboð má afturkalla hvenær sem er.

Á vefsíðu bankans, www.islandsbanki.is/hluthafafundir, má finna sniðmát af umboði sem hluthöfum er bent á að nýta sér.

Skráning á hluthafafund og rafræn þátttaka

Hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem hafa hug á því að sækja fundinn, hvort sem er rafrænt eða á staðnum, eru beðnir um að skrá sig á heimasíðunni <https://www.lumiconnect.com/meeting/islandsbanki2024egm>, eigi síðar en kl. 16:00 þann 30. janúar 2024, eða degi fyrir fundardag. Skráning á fundinn opnar þriðjudaginn 9. janúar kl. 16:00. Með innskráningu þarf að fylgja mynd af skilríkjum og umboð, ef við á. Hluthafar eru hvattir til að skrá sig eins snemma og hægt er til að nægur tími gefist til að fá aðgangsupplýsingar og til að hægt sé að aðstoða hluthafa ef upp koma tæknileg vandmál.

Hluthafar geta lagt spurningar fyrir hluthafafund með tölvupósti á netfangið hluthafar@islandsbanki.is eða á hluthafafundinum sjálfum.

Á vefsíðu bankans, www.islandsbanki.is/hluthafafundir, má finna nánari leiðbeiningar um rafræna þátttöku á hluthafafundi bankans.



Atkvæðagreiðslur, atkvæðavægi og áskilinn fjöldi atkvæða

Atkvæðagreiðsla á fundinum, án tillits til þess hvort hluthafar mæta á fundarstað eða taka þátt rafrænt, mun alfarið fara fram rafrænt í gegnum Lumi AGM veflausnina. Nánari leiðbeiningar um rafræna þátttöku og atkvæðagreiðslu er að finna á vefsíðu bankans, www.islandsbanki.is/hluthafafundir.

Á hluthafafundi fylgir eitt atkvæði hverri krónu nafnverðs hlutafjár. Á hluthafafundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum, nema á annan veg sé mælt fyrir í lögum eða samþykktum bankans. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum.

Samþykktum bankans má breyta á lögmætum hluthafafundi, enda hljóti breytingin samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða, sem og samþykki hluthafa sem fara með a.m.k. 2/3 hluta þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé ekki annað samþykkishlutfall áskilið í lögum eða samþykktum bankans.

Kosning stjórnar félagsins skal framkvæmd sem margfeldiskosning milli einstaklinga, sbr. c lið 6. mgr. 63. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Hlutfall hvors kyns í stjórn og varastjórn skal ekki vera lægra en 40%. Þær þrjár (3) konur og þrír (3) karlar sem fá flest atkvæði og sá einstaklingur sem fær flest atkvæði næst á eftir áðurgreindum einstaklingum í kosningu til stjórnar félagsins, skulu teljast réttkjörin sem stjórnarmenn félagsins. Sú kona og sá karl sem fá flest atkvæði í kosningu til varastjórnar félagsins skulu teljast réttkjörin sem varastjórnarmenn félagsins. Náist ekki nægilegur fjöldi fulltrúa af hvoru kyni til að ná framangreindu hlutfalli, skal fresta stjórnarkjöri til framhaldsfundar sem skal haldinn innan mánaðar. Þar til lögmæt kosning hefur farið fram þar sem áskilið kynjahlutfall hefur náðst, skal eldri aðal- og/eða varastjórn, eftir því sem við á, sitja áfram.